

15. október 2021

Til kjörinna fulltrúa á Kirkjuþingi og annarra sem málið varðar
Umsögn um 3. mál Kirkjuþings 2021-2022

Skv. 3. máli Kirkjuþings 2021-2022 er lagt til að ýmsar fasteignir kirkjunnar verði seldar eða í það minnsta litið til þess möguleika að selja þær á næstu árum. Búsetuskylda í prestakalli hefur verið afnumin meðal þjónandi presta þjóðkirkjunnar enda ekki löglegt. Þá hefur starfshópurinn á bakvið þriðja mál haft ákveðnar viðmiðanir til að meta hvaða eignir skuli seldar. Þá hefur einnig komið fram að fyrrgreindar fasteignir verði ekki seldar meðan búið er í þeim sem er gott og gilt.

Hins vegar viljum við undirritaðir koma á framfæri alvarlegum athugasemdum varðandi 3. mál sem snýr að tveimur fasteignum í Vestmannaeyjum en þær eru settar í flokk með þeim eignum sem stendur til að selja. Þetta eru Hólagata 42 og Smáragata 6. Teljum við að hér hafi ekki verið litið til landfræðilegra sjónarmiða þegar þessar eignir voru teknar til skoðunar.

Segja má að nær eini samgöngumátinn til Eyja sé með Herjólfssferjunni þar sem flugsamgöngur til Eyja hafa verið formlega lagðar af. Þá hafa hvorki verið lögð göng né brú til Eyja og því ekki mögulegt að aka til Eyja eins og gengur og gerist uppi á meginlandinu.

Af því leiðir að hver sem hefur atvinnu í Eyjum býr þar en ekki annars staðar. Hann fer ekki daglega á milli með Herjólfni enda ekki með öllu áreiðanlegur ferðamáti, sérstaklega yfir vetrartímann þegar allra veðra er von. Að auki er sá tími sem fer í ferðir fram og til baka með Herjólfni til Landaeyjahafnar vel yfir tvo tíma þegar best lætur og vel yfir sjö tíma þegar um Þorlákshöfn er að ræða. Því er nauðsynlegt að prestur, ásamt öllum öðrum starfstéttum sem þar starfa, hafi fasta búsetu í Eyjum en ekki t.d. á Hvolsvelli, Selfossi eða í Reykjavík.

Að auki hafa myndast sterk tengsl milli safnaðar og þeirra presta sem þar starfa eða hafa starfað enda tilkomið vegna búsetu presta í Eyjum. Þá gengur samvinna presta betur þegar reglulegar samgangur eru þeirra á milli og ekki hefur reynst vel eða verið vel séð af söfnuðinum þegar prestur hefur verið fjarverandi í langan tíma. Hefur það komið niður á starfi kirkjunnar og samstarfi presta í Vestmannaeyjum og því væri það með öllu vitlaust að prestur hafi búsetu annars staðar en í Vestmannaeyjum.

Fasteignamarkaður er vissulega með ágætu móti í Vestmannaeyjum. Hins vegar eru margar eignir á sölu sem væru alls ekki fýsilegur kostur sem fyrsta eign. T.d. er mikið af gömlum húsum sem krefjast mikils viðhalds og fleira þess háttar. Þá erum við hræddir um að fjöldi umsækjenda um prestsstöður í Vestmannaeyjum myndi snarfækka ef ekki væri húsnæði fyrir tilvonandi prest til staðar sem hefur verið gulrót margra sem hafa sótt um starf prests í Vestmannaeyjum.

Því óskum við þess að fasteignir þjóðkirkjunnar í Vestmannaeyjum, Hólagata 42 og Smáragata 6, verði teknar af væntanlegum sölulista sem starfshópurinn leggur til. Að minnsta kosti óskum við þess að þjóðkirkjan eigi áfram eignir í Vestmannaeyjum til að viðhalda þó ekki sé nema viðveru sóknarprests og prests í Vestmannaeyjum. Ellegar er mikil hætta á því að þjónusta þjóðkirkjunnar skerðist svo um munar sem og ásýnd þjóðkirkjunnar í Vestmannaeyjum.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Örn Jónsson,
sóknarprestur í Vestmannaeyjaprestakalli



Viðar Stefánsson
prestur í Vestmanneyjaprestakalli